

**Nd.**

## **634. Frumvarp til laga**

um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

### **Vörumagnstollur.**

Til ársloka 1947 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breyting á þeim lögum með þeim hækkunum, er hér greinir:

- a. af benzíni samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna 15. lið með 20 aurur af kg í stað 1 eyris.
- b. af öllum öðrum vörum með 200% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

2. gr.

### **Verðtollur.**

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

3. gr.

Undanþegar tollhækkun þeirri, er um getur í 1. og 2. gr., eru eftirtaldar vörur:

Tollskrárkafli 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt eða brennt og malað.

—— 10 — 1—7, korn ómalað.

—— 11 — 1—12, mjöl og grjón.

—— 17 — 1—6, sykur.

—— 22 — 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

—— 24 — 1—9, tóbak.

—— 25 — 10, salt.

—— 27 — 1—4, kol.

—— — — 14, steinolía.

Enn fremur eru allar vörur, sem tollur er greiddur af samkvæmt millirikjasamningum, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum lögum.

4. gr.

Sama aðflutningsgjald af benzíni og segir í 1. gr. a skal greiða af öllum benzínbirgðum í landinu, er lögin öðlast gildi, að frádregnu þegar greiddu aðflutningsgjaldi samkvæmt gildandi tollskrá. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda. Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki. Sérhver sá, sem á eða hefur umráð yfir 300 l. af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi öðlast gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga.

5. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollhækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagseftirlitinu skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.